

## **Skipulagsstofnun**

**14 301**

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Skipulagsstofnun**

**kt. 5902695149**

**Borgartúni 7b, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Skipulagsstofnun er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætlana.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 17 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 430,5 milljónir og afkoma kr. -15,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 13,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 102,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Skipulagsstofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Skipulagsstofnunar fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir  
Forstjóri

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	362.800.000	333.400.000
Seld þjónusta .....	3	31.961.786	47.958.722
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	31.247.139	47.497.508
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	4.513.814	3.966.753
<b>Tekjur samtals</b>		<b>430.522.739</b>	<b>432.822.983</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	333.850.443	304.992.959
Annar rekstrarkostnaður .....	6	107.659.260	122.085.721
Afskriftir .....	7	4.513.814	3.966.753
<b>Gjöld samtals</b>		<b>446.023.517</b>	<b>431.045.433</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(15.500.778)</b>	<b>1.777.550</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(214.806)	(106.020)
		(214.806)	(106.020)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(15.715.584)</b>	<b>1.671.530</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(18.115.584)	(728.470)
Rekstrartilfærslur .....		2.400.000	2.400.000
		(15.715.584)	1.671.530

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		21.779.666	19.252.324
Farartæki og vélar .....		187.080	216.618
Aðrar eignir .....		250.000	250.000
		<u>22.216.746</u>	<u>19.718.942</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>22.216.746</u>	<u>19.718.942</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	69.064.108	73.760.842
Handbært fé .....	10	687.965	687.678
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>79.852.396</u>	<u>89.780.861</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>102.069.142</u>	<u>109.499.803</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		13.680.900	29.396.484
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>13.680.900</u>	<u>29.396.484</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	1.223.802	0
Viðskiptaskuldir .....		17.536.099	9.032.986
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	33.966.783	33.894.961
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	35.661.558	37.175.372
		<u>88.388.242</u>	<u>80.103.319</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>88.388.242</u>	<u>80.103.319</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>102.069.142</u>	<u>109.499.803</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(15.715.584)	1.671.530
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	4.513.814	3.966.753
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(4.513.814)	(3.966.753)
		<u>(15.715.584)</u>	<u>1.671.530</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		5.232.018	(7.421.605)
Tengdir aðilar .....		1.908.918	3.275.730
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		8.574.935	2.450.898
		<u>15.715.871</u>	<u>(1.694.977)</u>
		<u>287</u>	<u>(23.447)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(7.011.618)	(4.729.913)
		<u>(7.011.618)</u>	<u>(4.729.913)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		4.011.618	0
Fjárfestingarframlag .....		3.000.000	4.729.913
		<u>7.011.618</u>	<u>4.729.913</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		287	(23.447)
		<u>687.678</u>	<u>711.125</u>
		<u>687.965</u>	<u>687.678</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á sölu degi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsęjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsęjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2021	2020
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	362.800.000	333.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	4.513.814	3.966.753
	<u>367.313.814</u>	<u>337.366.753</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	358.000.000	2.400.000	0	360.400.000
Millifært úr varasjóð .....	2.400.000	0	0	2.400.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>360.400.000</b>	<b>2.400.000</b>	<b>0</b>	<b>362.800.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(378.515.584)	0	0	(378.515.584)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(18.115.584)</b>	<b>2.400.000</b>	<b>0</b>	<b>(15.715.584)</b>

	2021	2020
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	29.890.800	45.157.350
Ýmsar þjónustutekjur .....	2.070.986	2.801.372
	<u>31.961.786</u>	<u>47.958.722</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild .....	29.201.919	44.236.123
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	2.045.220	3.228.040
Ýmsar tekjur .....	0	33.345
	<u>31.247.139</u>	<u>47.497.508</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	267.976.173	242.656.120
Orlof, breyting .....	71.822	5.975.399
Launatengd gjöld .....	60.093.702	54.434.468
Starfsmannakostnaður .....	5.708.746	1.926.972
	<u>333.850.443</u>	<u>304.992.959</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	27,8	26,0

	2021	2020
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	985.079	1.660.830
Byggingarvörur, aðrar .....	627	0
Ýmis tæki og áhöld .....	426.768	390.203
Orkugjafir .....	621.564	694.033
Matvæli .....	4.606.077	4.224.921
Almennar rekstrarvörur .....	286.621	425.038
Vörukaup, almenn	<u>6.926.736</u>	<u>7.395.025</u>
Ýmsar sérgreindar vörur .....	3.453	0
Vörukaup, sérgreind	<u>3.453</u>	<u>0</u>

## Skýringar

	2021	2020
<b>6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)</b>		
Fundir, námskeið, risna .....	2.525.101	1.295.977
Ferðir, uppihald .....	1.663.663	877.173
Akstur .....	867.827	354.299
Sérfræðipjónusta .....	44.397.820	60.063.819
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	37.861	316.491
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	5.202.434	7.287.599
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.069.099	2.156.609
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	56.763.805	72.351.967
Samningsbundin kaup og leiga .....	0	4.134.000
Afnotagjöld .....	11.656.688	9.721.803
Leigugjöld .....	25.219.138	24.129.465
Notkun véla og flutningatækja .....	58.440	0
Verkkaup .....	5.118.404	2.761.364
Kostnaðarhlutdeild .....	1.903.755	1.592.097
Tryggingar, lögboðnar .....	1.800	0
Opinber gjöld .....	7.041	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	43.965.266	42.338.729
Annar rekstrarkostnaður samtals	107.659.260	122.085.721
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	4.484.276	3.895.545
Farartæki og vélar .....	29.538	29.538
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	0	41.670
	4.513.814	3.966.753

## Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	21.779.666	19.252.324
Farartæki og vélar .....	187.080	216.618
Aðrar eignir .....	250.000	250.000
	<u>22.216.746</u>	<u>19.718.942</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	36.676.338	295.386	250.000	37.221.724
Viðbætur á árinu .....	7.011.618	0	0	7.011.618
Selt/úrelt á árinu .....	(1.509.110)	0	0	(1.509.110)
	<u>42.178.846</u>	<u>295.386</u>	<u>250.000</u>	<u>42.724.232</u>
Afskriftir 01.01.2021 .....	17.424.014	78.768	0	17.502.782
Afskrift ársins .....	4.484.276	29.538	0	4.513.814
Selt/úrelt á árinu .....	(1.509.110)	0	0	(1.509.110)
	<u>20.399.180</u>	<u>108.306</u>	<u>0</u>	<u>20.507.486</u>
Staða 31.12.2021 .....	<u>21.779.666</u>	<u>187.080</u>	<u>250.000</u>	<u>22.216.746</u>

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	68.168.812	67.507.792
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	895.296	6.253.050
	<u>69.064.108</u>	<u>73.760.842</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	1.223.802	0
	<u>1.223.802</u>	<u>0</u>

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2021 31.12.2020

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	29.396.484	27.724.954
Afkoma ársins .....	(15.715.584)	1.671.530
Jöfnuður 31.12. ....	<u>13.680.900</u>	<u>29.396.484</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
<b>12 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	33.966.783	33.894.961
Ógreidd laun .....	0	0
	<u>33.966.783</u>	<u>33.894.961</u>

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	22.216.746	19.718.942
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	13.444.812	17.456.430
	<u>35.661.558</u>	<u>37.175.372</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	19.718.942	17.456.430	37.175.372
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	3.000.000	3.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	7.011.618	(7.011.618)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(4.513.814)	0	(4.513.814)
	<u>22.216.746</u>	<u>13.444.812</u>	<u>35.661.558</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 4,6 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

## Skýringar

### 14 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi ótímabundna samninga um húsnæði að Borgartúni 7B, 105 Reykjavík og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 24,6 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 20,5 milljónum.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.